



## Fundargerð

Fundur framkvæmdastjórnar Sósíalístaflökks Íslands mánudaginn 6. maí 2019 í Hlutverkasetri, Borgartúni 1, kl. 19:15 - 20:40.

Mætt voru: Sigrún E. Unnsteinsdóttir, Laufey Ólafsdóttir, Sanna Magdalena Mörtudóttir, Gunnar Smári Egilsson og Viggó K. Jóhannsson. Hjalti Hrafn Hafþórsson og Katrín Baldursdóttir voru með gegnum fjarfundabúnað.

Viggó K. Jóhannsson ritaði fundargerð. Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

### 1. Fundargerðir síðustu funda

Síðasta fundargerð telst enn ekki samþykkt.

### 2. Sósíalistaping

Rætt var um tillögur að dagskrá sem Gunnar Smári setti á Facebook-síðu stjórnarinnar. Þær hlutu góðan hljómgrunn.

Sérstök áhersla var lögð á mikilvægi þess að boðun á hvern viðburð á þinginu verði markviss, svo þingið verði nógu fjölmennt.

Rætt var um málefni þjónustnefndar þingsins. Hún tekur nú aftur til starfa.

Út frá fyrirhuguðu erindi Hjalta um mannúð og sósíalisma á þinginu var rætt var um nálgun sósíalísmans á umhverfismál og muninn á okkar nálgun og t.d. VG. Einnig var rætt um hagvöxt og sósíalisma o.fl. Áhugi var á því að Hjalti haldi annað erindi á þinginu um umhverfismál og sósíalisma.

### 3. Maístjarnan

Engar nýja umsóknir hafa borist.

### 4. Fjárhagur flokks og Maístjörnu, staða á reikningum

Flokkurinn: 17.235 kr., Maístjarnan: 2.327.171 kr.

## 5. Önnur mál

Samþykkt var að kaupa útvarpsauglýsingar á RÚV vegna Sósíalistakaffisins þann 8. maí um stöðu eftirlaunafólks og öryrkja í borginni.

Fundi slitið.